

23. stjórnarfundur FUM
14. maí 2004 kl. 12:00
á bókasafni Kennaraháskóla Íslands

Mættir: Jóhanna Einarsdóttir, Júlíus K. Björnsson, Börkur A. Hansen, Guðný Guðbjörnsdóttir, Hafþór Guðjónsson, Kristín Guðmundsdóttir og Guðrún Geirsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar var rædd og samþykkt.
2. Tímariðið
 - a. Staða fyrsta tölublaðs
Ritstjórn hefur lent í tímahraki en helmingur greina er kominn úr ritrýningu og er verið að senda þær greinar til höfunda. Seinni helmingur er enn í ritrýningu en væntanlegur til höfunda. Ritstjóra falið að senda höfundum bréf og láta vita af stöðu mála. Ritið kemur út í sumar og var rætt um vænlegar dagsetningar.
 - b. Framtíðarsýn
Rætt um framtíðarfyrirkomulag og ákveðið að gefa út rit árlega þó að það verði ekki eins stórt og hið fyrsta. Upplýsingar um næsta rit komi fram í því fyrsta ásamt leiðbeiningum til höfunda. Ritnefnd falið að ræða tilhögun næsta tölublaðs svo og semja leiðbeiningar fyrir höfunda og koma til stjórnar.
 - c) Annað
Fjallað um möguleika á að greiða fyrir ritstjórn.
3. Námskeið í haust
 - a. Innihald
Ræddar voru ýmsar hugmyndir um námskeið í haust og komu m.a. fram tillögur um erindi/umfjöllun um tengsl meginlegra og eiginlegra rannsóknaraðferða, kynningu á NVio forriti og EndNote forriti svo og námskeið á sviði tölfræði og ritunar og frágangs rannsóknagreina.
 - b. Dagsetning
Rætt var um dagsetningar og ákveðið að halda námskeiðið/-in þann 25 október. (Nú hefur reyndar komið í ljós að sá dagur er útskriftardagur KHÍ) og þarf að ræða þá dagsetningu frekar.
 - c) Staðsetning
Rætt var um að leita til KHÍ um húsnæði fyrir námsstefnuna.
4. Önnur mál
Formaður sagði frá því að félagsmenn væru duglegir að senda inn upplýsingar um ráðstefnur erlendis sem birtar eru á heimasíðu félagsins og er það afar gott.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Guðrún Geirsdóttir